# JÓLABLAÐ

## Handknattleiksdeildar 1999

UMF
SELFOSS
1936






M·B·F

Helstu styrktaraðilar
Handknattleiksdeildar Umf. Selfoss

Sendum viðskiptavinum bestu jóla- og nýársóskir

Munið eftir okkur - við erum alltaf í leiðinni

Hótel Vík í Mýrdal
- fyrir árshátíðir fyrirtækja og saumaklúbba

Gesthús
Góður staður fyrir fundi og einkasamkvæmi

Grillið í Fossnesti
- tilvalið í erli dagsins. Góður matur á góðu verði

Bensínstöðin Fossnesti
- sú besta í bænum

Sjáumst hress

Gesthús
Hótel Vík í Mýrdal
Fossnesti gott fyrir þig og þína

Starfsfólk Hótels Víkur í Mýrdal, Gesthúsa og Fossnestis.

FAGFORM

ÁFRAM SELFOSS!

Þið getið verslað hjá okkur frá kl. 7:30 til kl. 23:30 alla daga, allt árið.

Þín verslun
Lottó
HORNIÐ
SELFOSSI
Símar 482 2100 og 482 2560

PIZZA 67

Sendum viðskiptavinum okkar, svo og öllum Sunnlendingum bestu jóla- og nýársóskir. Þökkum viðskiptin á árinu.

PIZZA 67
Sími 482 2267 og 482 3367
Selfossi





# Formannspistill

*Við lok hvers árs er tilefni til að líta yfir það sem liðið er. Við í handboltadeildinni gerum það eins og endranær og horfum líka til framtíðar. Hvað varðar það sem liðið er frá síðustu áramótum þá féll meistaraflokkur karla úr 1. deild á síðasta tímabili og leikur nú í annari deild eins og flestir vita sem fylgjast með.*

*Já ég sagði fylgjast með. Mér finnst eins og fleirum að það sé ekkert fylgst með handboltanum þegar liðið er ekki í baráttunni um toppsæti í 1. deild. Hvar er allt þetta fólk sem hafði svona rosalegan áhuga þegar vel gekk. Það var ekki óalgengt að það væru 400-600 manns á leik í 1. deild hér fyrir 5-7 árum þegar liðið komst í úrslitakeppnina. Þá var húsið hér troðfullt 1000 manns eða meira eins og fullyrt var á sínum tíma. Gerum ráð fyrir að 100-200 manns hafi fylgt andstæðingum okkar, þá hafa verið um það bil 700-900 manns af svæðinu hér þegar best lét. Hvar er allt þetta áhugafólk um handbolta í dag, svo mikið er víst að það kemur ekki á leiki liðsins hvorki á síðasta tímabili né á þessum vetri. Nú er eftir aðeins harðasti kjarninn 30-50 manns og svipað af börnum og unglingum.*

*Ég spyr, er þetta eðlileg fækkun áhorfenda, getur verið að mörg hundruð manns hafi gjörsamlega fengið sig fullsadda um aldur og ævi? Nei ég held ekki, ég held að þetta sé désk... „flóamennska" eins við köllum það í boltanum. Það er ef hlutirnir ganga ekki eins og í sögu þá er úthaldið einfaldlega ekki meira og flestir fara að gera eitthvað allt annað eða hvað? Nú svari hver fyrir sig, hugsi kannski málið og velti þessum hlutum aðeins fyrir sér.*

*Það er nú einu sinni svo að það er alltaf að verða erfiðara að „betla" peninga til að halda starfinu gangandi því að allt snýst þetta um peninga að lokum. Ekki gerir það starfið léttara að það er orðið regla frekar en undantekning að ýmis stóru fyrirtækin vísa öllum óskum um auglýsingar hvort sem er í íþróttahúsi eða í jólablaði til Reykjavíkur. Þar eru markaðs- og auglýsingadeildir sem segja: „Því miður við erum búin með allt það fé sem átti að fara í þetta." Þrátt fyrir svona svör eru flennistórar auglýsingar á gólfum og veggjum íþróttahúsa á höfuðborgarsvæðinu. Hvað veldur þessu? Er það áhugaleysi forstöðumanna hér á svæðinu eða hvað?*

*Hvað varðar árangur íþróttafólks hér á Selfossi og þá er ég aðallega að tala um handboltann sem ég þekki best, það er eins og það vanti alltaf ákveðinn metnað til að ná árangri fyrir sitt félag, það er að leggja sig fram fyrir félagið og spyrja hvað get ég gert fyrir félagið? Ekki hvað getur félagið gert fyrir mig? Það er engin ávísun á árangur að borga mönnum laun fyrir að spila handbolta eins og dæmin rækilega sanna og er kominn tími til að við eignumst kynslóð sem vill leggja eitthvað á sig fyrir félagið án þess að spyrja alltaf um peninga.*

*Það skiptir máli til framtíðar að allir leggist á eitt að hjálpast að til að ná árangri. Stjórn deildarinnar vill þakka öllum þeim sem stutt hafa deildina gegnum súrt og sætt án þeirra væri þetta ekki hægt, en þeim mætti fjölga sem vilja leggja okkur lið við að byggja upp handboltalið til framtíðar.*

***Gleðileg jól***
***F.h. handknattleiksdeildar:***
***Magnús Jónsson.***

UMF SELFOSS 1936

**12. árgangur**
**Desember 1999**
**Útg./ábm.**
**Handknattleiksdeild Umf. Selfoss**

**Stjórn:**
Magnús Jónsson formaður
Ólavía Vilhjálmsdóttir gjaldkeri
Guðrún Guðbjartsdóttir ritari
Magnús Gíslason meðstj.
Sigurður Ástráðsson meðstj.
Óskar Arelíusson meðstj.
Kristján Eldjárn meðstj.
Kristín Kristjánsdóttir meðstj.

**Þjálfarar:**
**M.fl. karla:**
Einar Guðmundsson

**2. fl. karla:**
Ólafur Einarsson

**3. fl. karla:**
Gísli Felix Bjarnason

**4. fl. karla:**
Haraldur Geir Eðvaldsson

**5. fl. karla:**
Gísli Felix Bjarnason

**5. og 6. fl. kvenna:**
Ágúst Ketilsson og
Maríanna Pálsdóttir

**6. fl. karla:**
Jóhann Ingi Guðmundsson
aðst. Sigurjón Hafsteinsson

**7. fl. karla:**
Jóhann Ingi Guðmundsson
aðst. Sigurjón Hafsteinsson

olís

**Setning og prentun:**
Prentsmiðja Suðurlands ehf.



*Hvar eru þær nú?*



*Ungir og efnilegir.*



*Eftir sigur eða hvað?*



*Ungar konur.*



*Þá var gaman.*



*Ungur ég var.*



**Eygló Jóna Gunnarsdóttir, djáknakandidat**

# *Fel þú Drottni verk þín*

Styrkur sálarinnar veitir líkamanum kraftinn, sálin og líkaminn geta hvergi fengið styrk nema frá Guði. Ef þú hefur ekki trú á sjálfum þér, getur þér ekki vegnað vel. Aftur á móti eru þér allir vegir færir ef þú átt trúna á Guð.

Í Orðskviðunum stendur þetta. *„Fel þú Drottni verk þín, þá mun áformum þínum framgengt verða.“* (Orðskv. 16:3). Trúin ýtir undir að þú náir þroska og getir notið þeirra hæfileika sem búa með þér, það getur einnig leitt til velgengni á öðrum sviðum. Hugsaðu ekki um þá hluti sem eru þér í óhag, sjáðu heldur fyrir þér allt það jákvæða í lífi þínu og þér mun vegna vel.

Postulinn Páll segir í bréfi sínu til Tímoteusar: *„Legg kapp á að reynast hæfur fyrir Guði sem verkamaður, er ekki þarf að skammast sín og fer rétt með orð sannleikans.“* (II. Tím. 2:15.) á öðrum stað segir Páll: *„Og sá sem keppir í íþróttum fær ekki sigursveiginn, nema hann keppi löglega.“* (II. Tím. 2:5.). Heiðarleiki borgar sig á öllum sviðum einnig í íþróttum eins og segir í fyrirsögninni: *„Fel þú Drottni verk þín.“*



Undirbúningur jólanna fer nú að hefjast fyrir alvöru. Bæði börn og fullorðnir sameinast í þeim undirbúningi. En í öllum undirbúningnum megum við ekki gleyma tilefninu, fæðingu frelsarans.

Kærleiki Guðs til mannanna birtist í því að hann sendi einkason sinn til jarðarinnar til að frelsa synduga menn. Á jólunum fögnum við fæðingu hans, við höldum upp á afmæli Jesú.

Ég óska handboltafólki, aðstoðarfólki þeirra, fjölskyldum og öllum sem lesa þetta blað gleðilegra jóla, megi friður og helgi jólanna fylla hjörtu ykkar.

***Eygló Jóna Gunnarsdóttir,***
***djáknakandidat.***

*Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*

**Starfsmenn Fossraf.**

**FOSSRAF**

**Eyravegi 3 Selfossi**
**Sími 482 1439**

**SELFOSSVEITUR**

*Óskum öllum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla.*



*Gott og farsælt komandi ár. Þökkum ánægjuleg viðskipti á líðandi ári.*

**SELFOSSVEITUR**

## Jólahugvekja

# Varið ykkur á jólaglögginu

**Nokkur varnaðarorð**



Elsku hjartans vinir mínir í handknattleiksdeild Umf. Selfoss. Mætti ég - um leið og ég óska ykkur alls velfarnaðar á sjálfri aðventunni - gefa ykkur eitt hollráð til að stuðla að gæfu ykkar og gengi yfir hátíðirnar og framyfir aldamótin.

- Varið ykkur á jólaglögginu!

Þetta voru einmitt síðustu orð eins ástsælasta handknattleiksmanns þjóðarinnar áður en hann sofnaði ofan í súpuna við upphaf jólaföstunnar um daginn.

- Varið ykkur á jólaglögginu!

Mér bara svona datt þetta í hug á dögunum, þegar ástæða þótti til að slá því upp í blöðum að stofnað hefði verið til jólaglöggveislu að aflokinni handboltaæfingu á jólaföstunni, gott ef ekki einhvers staðar fyrir austan fjall, og með þeim hrikalegu afleiðingum að menn urðu ekki bara fullir, heldur líka kynóðir og jafnvel svo fárveikir af þessum undarlega rauða og ólystuga rúsínugraut sem kallaður hefur verið jólaglögg, að sumum var vart hugað líf að sögn fjölmiðla.

Ég finn mig knúinn til þess, kæru handboltamenn, um leið og ég árna ykkur árs og friðar á jólahátíð jesúbarnsins að vara ykkur við jólaglögginu því það er lúmskara en sjálfur andskotinn. Það gera rúsínurnar.

Allir verða af jólaglögginu urrandi fullir, áður en þeir geta snúið sér við, af því þeir halda að rúsínur séu vínber sem endanlega hafi verið búið að kreista brennivín úr.

En það er nú eitthvað annað.

Varið ykkur þess vegna á jólaglögginu!

**Ólifnaður frá Dönum og Svíum**

Þó að við höfum lært eitthvað í handbolta af Svíum er ekki nauðsynlegt að læra af þeim sænska drykkjusiði, en mér skilst að það hafi verið plagsiður í Svíaríki áratugum, eða öldum saman, að stofna til glöggveislu með handboltastelpunum eftir æfingar á jólaföstunni og láta kné fylgja kviði eins og það er stundum kallað þegar ölóðir með kveisu af jólaglöggi stofna til skyndikynna.

Í Danmörku er talið að jólaglöggsveislur valdi fleiri hjónaskilnuðum en nokkuð annað.

Það er nefnilega í glöggveislum og eftir þær sem menn og konur gleyma mökum og spúsum, kærastar og kærustur týnast, fólk gleymir að það er í sambúð og fögur fyrirheit verða marklaus. Jafnvel heiðarlegar húsfreyjur gefa skít í bændur sína og hverfa með fjósamönnum en jólaglöggmóðir bændur þeirra grípa næstu lausakonu.

Í glöggveislum íþróttafélaga grípur steggurinn fyrstu gæsina sem gefst. Og gæsin fyrsta stegginn. Margra ára bæld holdleg ást handboltamanna og -kvenna fær hrikalega útrás í krókum og kimum, bak við hurðir, í kústaskápum, tækja- og dýnugeymslum, jafnvel köðlunum í yfirgefnum íþróttasölum.

Danir og Svíar eru gersamlega að missa stjórn á losta sínum og fýsnum. Og hver er bölvaldurinn?

Jólaglöggið.

Varið ykkur á jólaglögginu!

**Lúsíugaulið**

Hámarki nær sturlunin á svonefndum Lúsíuhátíðum, sem líka er sænskt fyrirbrigði og náskylt glöggsvallinu.

Ég lærði það ungur að kerti ættu helst heima í kertastjökum og eins mætti halda á kerti í hendinni ef verið væri að reyna að komast leiðar sinnar í myrkri.

Á Lúsíuhátíðum vappa fáklæddar konur um, pissfullar af jólaglöggi eða kannske sturlaðar af rúsínum, í undirkjól einum klæða og með logandi kerti uppá hausnum, gaulandi einhverja innihaldslausa flatneskju um eitthvað sem kemur málinu ekki nokkurn skapaðn hlut við, í stað þess að halda á kertinu í hendinni og nota það til síns brúks, eins og góðri konu sæmir.

Hámarki nær svo þetta Lúsíupíp þegar allir eru orðnir fárveikir af rúsínugumsinu. Fólkið dregst í einhvern ótilgreindan næturstað til að njóta ótilgreindra listisemda og ekki er það fyrr komið í lárétta stellingu en það er farið að gubba hvert á annað.

Sumir reyna að komast leiðar sinnar í leigubíl og gubba á bílstjórann sem fær ekki fleira túra til aldamóta útaf lyktinni í bílnum.

Sem sagt - ekki gott.

Og þar með lýkur þessari ljúfu jólahugvekju að öðru leyti en því að ég vil að lokum óska handknattleiksdeild Umf. Selfoss endalausrar gæfu um alla framtíð.

Guð og forsjónin gefi ykkur gleðileg jól og gæfuríkt aldamót.

Það er bara eitt sem þið verðið að muna:

Varið ykkur á jólaglögginu!

**Flosi Ólafsson**



# Ný félagsaðstaða skapar sóknarfæri

Það er sóknarhugur í Ungmennafélagi Selfoss og framundan eru góð tækifæri fyrir félagið til þess að ná enn frekari árangri í starfinu. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að innrétta félagsheimilið á íþróttavellinum og búið er að ákveða innflutningsdaginn sunnudaginn 19. desember klukkan 14,00. Þá munu félagar og gestir koma saman í kaffisamsæti, fagna þessum áfanga og taka húsið formlega í notkun.

**Bylting í aðstöðu**

Nýja húsið er bylting í aðstöðu til félagsstarfs, þeirrar vinnu sem fram fer hjá stjórnum íþróttadeilda og þjálfara. Í húsinu er skrifstofuherbergi, fundarsalur fyrir stjórnarfundi og síðan eldhús og stærri salur fyrir hópafundi. Þessi nýja aðstaða verður vel búin tækjum og búnaði til þess að sinna starfinu en þar hefur félagið notið þeirrar miklu velvildar sem fyrirtæki og einstaklingar á Selfossi sýna því. Fjöldi innflutningsgjafa í formi búnaðar hafa borist félaginu og létt róðurinn við að komast í húsið með starfsemina. Þá veittu bæjaryfirvöld félaginu aukaframlag til hússins sem hjálpaði til við að ýta framkvæmdum áfram. Þá er ótalinn fjöldi einstaklinga sem hafa lagt húsinu til vinnu sína á öllum byggingarstigum þess. Bygginganefnd hússins, Þórarinn Ingólfsson, Ólafur Ragnarsson gjaldkeri og Gunnar Guðmundsson hafa borið hitann og þungann af því starfi frá því fyrsta skóflustungan var tekin.

**Á vímulausu svæði**

Félagsheimilið stendur á íþróttasvæðinu og íþróttasvæðið er vímulaust svæði þar sem öll meðferð áfengis og vímuefna er bönnuð. Reykingar verða einnig bannaðar í nýja húsinu og þess krafist að íþróttafólk í eldri flokkum sýni gott fordæmi í þessu efni.

Nýja aðstaðan skapar stjórnum íþróttadeilda og þjálfurum gott sóknarfæri. Nú mun þeim gefast möguleiki á því að skipuleggja félagsstarf í kringum þennan samastað og skapa þannig öflugri einingu í hverjum aldursflokki. Þarna geta íþróttahópar komið saman og átt skemmtilegar stundir, horft saman á leiki, sett upp skemmtikvöld eða haldið fræðslufundi á þeim fjölmörgu sviðum sem félagið starfar á. Þessi nýja aðstaða gerir kröfur til félagsins um stjórnunarlegt skipulag um leið og þar er fólgið sóknarfæri sem ég er viss um að stjórnir deildanna, unglingaráðin, starfsráð einstakra aldursflokka og þjálfarar munu nýta sér því þar er fólginn krafturinn sem knýr félagið áfram.



*Sigurður Jónsson.*

Ég hvet ungmennafélaga og velunnara félagsins til þess að koma á völlinn 19. des og skoða húsið og þiggja kaffi og kökur.

**Fleiri íþróttatímar nauðsynlegir**

Ungmennafélagið hefur sett fram til bæjaryfirvalda áherslur sínar varðandi uppbyggingu íþrótta-







*Framtíðardraumur?*

mannvirkja á Selfossi. Félagið leggur áherslu á Selfoss þar sem starfssvæði þess nær til staðarins.

Þessar áherslur voru teknar saman af sérstakri nefnd, íþróttaaðstöðunefnd, sem skipuð var. Í þessum áherslum koma fram allir þeir þættir sem íþróttadeildirnar leggja áherslu á. Rauður þráður í þessum áherslum er að fleiri íþróttatíma vantar í starfið og ljóst á því að unnt er að efla íþróttastarfið verulega með aukinni aðstöðu. Þessar áherslur voru afhentar bæjaryfirvöldum á sérstökum fundi 1. september þar sem félagið lýsti því yfir að það væri tilbúið til samstarfs og samráðs um uppbyggingu íþróttamannvirkja til að efla starfið. Vel var tekið í þessar hugmyndir félagsins og þær stimplaðar inn í bæjarkerfið. Á nýafstöðnu íþrótta- og æskulýðsþingi Árborgar voru allar þær áherslur sem fram komu samhljóða við þær sem félagið lagði fram 1. sept.

**Best að ganga í verkin strax**

Mikilvægt er að áherslur og ákvarðanir bæjaryfirvalda á sviði íþróttamála séu í takt við starfsemi íþróttafélaganna þannig að afgreiðslur sem varða samskipti við félagið s.s. samningar um ýmis verkefni séu frágengnir tímanlega en ekki dregnir úr hófi. Best er að ganga í verkin strax. Félagið á í beinu samstarfi við sveitarfélagið þar sem það annast rekstur íþróttavalla og hússins við Gagnheiði, einnig hefur félagið annast framkvæmd 17. júní hátíðarhaldanna undanfarin ár samkvæmt sérstökum samningi. Nú er hafin vinna við texta að heildarsamningi við félagið um þessa þætti og fleiri og verður vonandi unnt að ljúka þeim svo báðum líki fyrir áramótin. Þess má geta að aðalstjórn félagsins samþykkti fyrr á árinu að öll samskipti félagsins og samningagerð við bæjaryfirvöld færu um framkvæmdastjórn félagsins. Með þessu móti verða samskiptin skýrari og boðleiðir betri milli aðila.

**Framkvæmdastjóri eflir starfið**

Ein megináhersla framkvæmdastjórnar félagsins fyrir næsta ár er að finna flöt á því að ráða framkvæmdastjóra eða íþróttafulltrúa að félaginu. Hugmynd framkvæmdastjórnar er að framkvæmdastjórinn heyri undir framkvæmdastjórn, sitji fundi hennar og aðalstjórnar og komi í framkvæmd samþykktum hennar. Þá aðstoði framkvæmdastjórinn íþróttadeildirnar við ýmis mál sem þær eru með og hann hefur þá tök á að samræma starfið enn frekar en nú er. Framkvæmdastjórinn getur haft yfirumsjón með þeim verkefnum sem félagið á í samstarfi við sveitarfélagið. Með starfi framkvæmdastjóra verður félagið betur í stakk búið til að láta meira að sér kveða á íþrótta- og félagssviðinu og forvarnargildi starfseminnar eykst verulega en auðvelt er að tengja slíkt starf formlegum vímuvörnum í sveitarfélaginu. Stjórn félagsins vinnur að því að finna grundvöll að fjármögnun þessa starfs og mun hún leggja fram tillögur í því efni á næstunni.

**Hugsum STÓRT**

Stjórnarmenn í Ungmennafélagi Selfoss hafa alltaf verið sóknarmenn og þannig er einnig um það fólk sem starfar í stjórnum íþróttadeildanna. Allar áherslur í íþróttamálum miðast að því að sækja fram og ná betri árangri og skapa betri aðstæður. Á áðurnefndu íþrótta- og æskulýðsþingi Árborgar sýndi undirritaður mynd af nýjustu og stærstu íþróttaframkvæmd á landinu, fjölnotahúsinu í Keflavík sem er yfirbyggður knattspyrnuvöllur. Slíkt hús hér á Selfossi hefði mikil áhrif og gæfi neðanverðri Árnessýslu góða samkeppnisstöðu gagnvart höfuðborgarsvæðinu í íþrótta- og búsetumálum. Það er nauðsynlegt að hugsa STÓRT í íþróttamálum, bæði varðandi félagsstarfið og uppbyggingu mannvirkja. STÓRT hús er góð hugsun fyrir samfélagið á leið okkar inn í nýja öld.

Megi ungmennafélagar, Selfossbúar og allir íbúar Árborgar eiga gleðileg jól og farsæld á komandi ári með öflugu starfi. Fyrir hönd félagsins er samstarfsaðilum þakkað gott samstarf á árinu.

**Sigurður Jónsson,**
**formaður Ungmennafélags Selfoss.**




# GEFUM OST

SELFOSSI



## Gjafakörfur, ostabakkar sérlagaðir ostar og einstakar gjafavörur í miklu úrvali

Mjólkurbúðin býður nú hinar vinsælu gjafakörfur í fjölbreyttu úrvali. Hringið og pantið, við útbúum körfu, eða komið og veljið sjálf. Bjóðum einnig úrval af kexi, ostafötum, ostabökkum, ostahnífum og fjölbreyttum gjafavörum sem eingöngu fást í Mjólkurbúðinni.

MBF Mjólkurbúðin Selfossi

Að sjálfsögðu fást allar hinar mjólkurvörurnar í Mjólkurbúðinni.

Opið virka daga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 10.00-13.00

Mjólkurbúðin Austurvegi 65, Selfossi. Sími 482 1600/laugar.d. 482 1304

AUGLÝSINGASTOFA ÞÓRHILDAR

# Frá Unglingaráði

Vetrarstarf unglinga í handknattleik hefur farið ágætlega af stað á þessu tímabili. Í vetur komum við til með að halda 3 mót hér á Selfossi, það fyrsta var helgina 19.-21. nóvember, næsta verður 7.-9. janúar og það síðasta 19.-20. febrúar. Þegar þessi mót eru haldin hér á Selfossi höfum við verið með sjoppu og þar hafa mörg fyrirtæki styrkt okkur.

Mikið hefur vantað upp á að foreldrar sjái sér fært að koma og fylgjast með leikjunum þegar mót eru haldin hér á heimaslóðum og er það von okkar að sjá fleiri foreldra þegar næstu mót verða haldin hér á Selfossi. Það veitir öllum mikinn stuðning að sjá sem flesta koma og hvetja sína menn.

Foreldrastarfið hefur aftur ekki gengið sem skyldi og auglýsum við hér með eftir foreldrum sem hafa áhuga á því að koma og starfa með okkur sem erum í foreldraráði.

Til að foreldrastarf geti gengið, þurfa að minnsta kosti að vera 3 aðilar fyrir hvern flokk. Í unglingaráði eru nú starfandi 5 aðilar og þeir eru: Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir, Magnús Markússon, Sandra Pálsdóttir, Garðar Garðarsson og Jóna Hannesdóttir.

Við hjá unglingaráði viljum koma á framfæri þökkum til þeirra fyrirtækja sem hafa styrkt okkur í vetur. Það eru: Plastiðjan, Kentucky, Menam, Fagform, Tölvu- og rafeindaþjónustan, Sunnlenska fréttablaðið, Suðurlandsvídeó, Pizza 67, Betri bílasalan, Gleraugnaverslun Suðurlands, Guðnabakarí, Kjötvinnslan Höfn, Krás, Mjólkurbú Flóamanna, Hótel Selfoss, Hornið, Hópferðabílar Erlings á Eyrarbakka, Hópferðabílar Guðmundar Tyrfingssonar og Sportlíf.

**Fh. unglingaráðs,**
**Erla Guðlaug Sigurjónsdóttir.**

## Verðlaunahafar á lokahófi handknattleiksdeildar Umf. Selfoss 1999

| | | |
|---|---|---|
| **3. flokkur:** | Leikmaður ársins: | Sigurjón Valgeir Hafsteinsson. |
| | Markahæstur: | Bergsveinn Magnússon. |
| | Framfarir og ástundun: | Óskar Eiríksson. |
| **4. flokkur:** | Leikmaður ársins: | Sigurjón Valgeir Hafsteinsson. |
| | Markahæstur: | Ívar Grétarsson. |
| | Framfarir og ástundun: | Hjörtur Jónsson. |
| **5. flokkur:** | Leikmaður ársins: | Jónas Ásmundsson. |
| | Markahæstur: | Ari Már Gunnarsson. |
| | Framfarir og ástundun: | Atli Kristinsson. |
| **6. flokkur:** | Leikmaður ársins: | Andri Karl Kristjánsson. |
| | Markahæstur: | Snorri Sigurfinnsson. |
| | Framfarir og ástundun: | Baldur Þór Elíasson. |
| **7. flokkur:** | Leikmaður ársins: | Eiríkur Rafhael. |
| | Markahæstur: | Hafþór Helgason. |
| | Framfarir og ástundun: | Ágúst Freyr Guðmundsson. |
| **5. flokkur kvenna:** | Leikmaður ársins: | Rakel Pálsdóttir. |
| | Framfarir og ástundun: | Elínborg Guðmundsdóttir. |


Bílaþjónusta Péturs
Vallholti 17 - Selfossi
sími 482 2050 - Fax 482 3370
**Þjónustuaðili fyrir:**
**Nissan - Subaru - Opel - GM - Saab**
**Isuzu - Peugeot - Skoda - Chrysler**

Steypustöð Suðurlands hf
**Hrísmýri 8 - Símar 482 1459 / 482 1955**








*Fræg mynd.*



*Þekkir einhver þessar hetjur?*



*Blómarósir.*



*Tveir góðir.*



*Topplið í fæðingu.*



*Hvað eru margir eftir í boltanum?*



**Guðmundur Tyrfingsson hf.**



**17 hópferðabílar 8-62 farþega
í lengri eða skemmri ferðir
1. flokks bílar - 1. flokks þjónusta
á sanngjörnu verði**

**SMURSTÖÐ TYRFINGSSON HF.**
**Fossnesi C, Self. S. 482 1210 - Fax 482 3310**
**www.gtyrfingsson.is - Netfang: gt@gtyrfingsson.is**
**Olís og Esso olíur**
Reynið viðskiptin - Kaffi á könnunni

Óskum viðskiptavinum okkar,
svo og Sunnlendingum öllum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.

Dagskráin

***Prentsmiðja Suðurlands ehf.***
*Eyravegi 21, Selfossi - Sími 482 1944*

hótel
**SELFOSS**

18. des. **Aðventukvöld með Kristjönu Stefánsdóttur**
26. des. Stórdansleikur með **Sálinni hans Jóns míns**

**Betri stofan** opin alla daga
með jólaglöggi, heitu súkkulaði,
góðum mat og fl.

Lokað frá kl. 14 aðfangadag jóla
og annan dag jóla.
Einnig gamlársdag frá kl. 14
og nýársdag.

NIKE

**Nýjar
Nike vörur**

SPORT LÍF

Áramótablómin
færðu
í Blómakúnst.
BLÓMA KÚNST
Kjarnanum
Sími 482 3567

Fullkomið glugga- og hurðaverkstæði
✓ Efnisvinnsla
✓ Efnissala
✓ Aðstoðum við efnisval
✓ Útvegum kerfishurðir
Leitið tilboða
Sími 482 2843
G VERK sf
Gagnheiði 47, Selfossi
Sími 482 2843

Sundhöll Selfoss
Kobbi kútur

Innrömmun Ólafs
Merkilandi 2 - Selfossi - Sími 482 1561

Sendum Sunnlendingum
bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár.
Sunnlenska
FRÉTTABLAÐIÐ

Vélsmiðja Valdimars
Gagnheiði 29 - Sími 482 2325

JÓLATRJÁSALAN
Íslensk tré: Rauðgreni - Stafafura - Blágreni - Fjallaþinur
Dönsk tré: Norðmannsþinur
Greinar, könglar, arinviður, jólatrésfætur, plattar, o.fl.
Kíkið við í skemmunni hjá
Skógræktinni - Gagnheiði 25 - Sími 482 2010

Jólagjöfin
fæst hjá
okkur

Gleðileg
jól

Scala - sól

maí
TÍSKUVÖRUVERSLUN

Árvirkinn ehf.
Austurvegi 9 - Sími 482 3460
Eyravegi 29 - Sími 482 1160

Ozone HÁR STÚDÍÓ
Gleðileg jól
Eyravegi 9 - Selfossi
Sími 482 3993



# „Eigum ekki að hanga í neðri deildunum og vera í miðlungsgutli"

## - segir Einar Guðmundsson, nýráðinn handboltaþjálfari meistaraflokks Selfyssinga

Fyrsta maí á þessu ári tók Einar Guðmundsson við þjálfun meistaraflokks karla á Selfossi í handbolta, eftir að hafa verið við stjórnvölinn hjá norska kvennahandboltaliðinu Bryne í Noregi. Einar er borinn og barnfæddur Selfyssingur, en hann fæddist þar á hinu herrans ári 1969. Þeir sem hafa fylgst með handbolta í gegnum tíðina kannast vel við Einar, en hann spilaði um árabil með meistaraflokki Selfyssinga við góðan orðstír og var einn af mörgum í silfurliði Selfyssinga.



*Lið Selfyssinga frá 1993, Einar er í efstu röð, annar frá hægri.*

**Framtíðin ræðst**

„Ég stundaði handbolta og fótbolta jöfnum höndum þegar ég var yngri og ætlaði mér alltaf að verða fótboltamaður. Góður árangur í handbolta og þegar ég fór í unglingalandsliðið varð þess valdandi að ég skipti um skoðun og tók handboltann fram yfir. Ég sé ekki eftir því en samt sem áður er ég ennþá mikill áhugamaður um fótbolta og hef m.a. þjálfað fótboltalið. Svo má jafnframt bæta því við að ég er mikill Aston-Villa aðdáandi."

Einar var í fyrsta árgangnum af handboltamönnum á Selfossi sem gekk í gegnum alla flokkana, þegar handboltadeildin var stofnuð árið 1979. Árgangurinn sem Einar var í og sá næsti á eftir eru nokkuð sérstakir, en þeir skiluðu af sér sex unglingalandsliðsmönnum. Það mátti að miklu leyti þakka bættri aðstöðu og nýju húsi og er greinilegt af þessu að það hafi verið sannkölluð vítamínssprauta fyrir handboltann. Nú er verið að ræða um nýtt hús og vonast Einar til að því geti fylgt sami slagkraftur og þegar hitt kom, ef það verður að veruleika.

**„Selfoss Kings"**

Einar hóf að spila með meistaraflokki Selfyssinga árið 1985, þá 16 ára og spilaði með þeim allt til ársins 1996, ef undanskilið er eitt tímabil þegar hann fór til Svíþjóðar. Hann spilaði með sænska liðinu BK Söder frá Stokkhólmi árið 1988 til 1989 og segir Einar það hafa verið nokkuð svipað að spila í Svíþjóð og með Selfyssingum á Fróni, og tímabilið úti var eins og hann hafði átt von á.

„Þetta var mjög skemmtilegur tími með Selfyssingum og okkur gekk vel, við fengum mikla athygli og það var byggt upp mjög skemmtilegt lið á mjög skömmum tíma. Það voru margir að tala um að þetta væri mjög sérstakt að ná upp öflugum handboltaleikmönnum í bæjarfélagi með enga handboltahefð. Þetta var mjög sérstakur hópur, menn voru tilbúnir að leggja mikið á sig og menn höfðu gífurlegan metnað, brjálað keppnisskap og gífurlegt sjálfstraust en okkur fannst við vera bestir."

„Sumum þótti meira að segja nóg um keppnisskapið í okkur, eins og Tóta Ingólfs sem kenndi okkur í fjölbraut. Menn gáfu aldrei eftir, hvorki á æfingum né í leik og við uppskárum eftir því. Hitt er aftur á móti annað mál að kannski hefði mátt hafa einhvern sem gat stjórnað þessum mönnum betur. Menn stjórnuðu sér sjálfir og rifu kjaft, en ef stjórnunin hefði verið öðruvísi hefðum við kannski náð lengra, hver veit. Maður sér það núna þegar maður er kominn í sömu aðstöðu og þjálfarinn að við komumst upp með allt of mikið. Einn góður maður kallaði hópinn, Selfoss Kings."

**Alltaf leynt og ljóst stefnt að því að þjálfa**

Einar átti við mjög þrálát meiðsli í hnjám að stríða og fór í þrjá uppskurði. Af þessum sökum hætti hann í handboltanum og hefði kannski getað spilað mun lengur ef meiðslin hefðu ekki verið að hrjá hann. Einar hafði verið að þjálfa yngri flokka allt frá því hann var 16 ára, og þjálfun var eitthvað sem hann hafði leynt og ljóst stefnt að í gegnum tíðina. Þegar Einari bauðst svo í gegnum Þóri

Hergeirsson frá Selfossi sem er mjög virtur þjálfari í Noregi, að fara út og skoða norskt kvennalið, ákvað Einar að slá til.

Kvennliðið Bryne var mjög ungt lið frá Stavangri sem var nýkomið upp í B deild, en meðalaldur þess var um 18 ár. Liðið náði strax mjög skjótum árangri undir stjórn Einars. Fyrsta árið náði Bryne 6. sæti af 14 liðum í deildinni. Næsta ár var liðið í toppbaráttunni datt það niður í lokin og endaði á svipuðum slóðum og fyrsta árið.

„Í Noregi er kvennahandboltinn mun vinsælli en karlahandboltinn og þar fær hann jafnframt mun meiri athygli í fjölmiðlum heldur en karlahandboltinn. Það er mikill munur á því að þjálfa stelpur og stráka. Það reynir mun meira á mannlega þáttinn að vera að þjálfa í kvennahandboltanum, t.d. er hann mun persónulegri. Í karlaboltanum getur þú gengið mun meira beint til verks, maður getur skammað menn og talað hreint út við þá og þeir taka því strax, en það þarf að fara aðeins öðruvísi að stelpunum.“


MORGUNBLAÐIÐ ÍÞRÓTTIR SUNNUDAGUR 22. NÓVEMBER 1992

Einar Guðmundsson, leikstjórnandi, á fullri ferð að varnarvegg Framara — og sendir knöttinn eldsnöggt til Sigurðar Sveinssonar. Markviss og ógnandi hreyfing og snögg sending til hliðar.

Morgunblaðið/Kristinn

# Leikstjórnandinn

Einar Guðmundsson er leikstjórnandi Selfossliðsins og hefur hann skilað því hlutverki mjög vel. Það eru ekki mörg ár síðan að Einar var aðalskytta liðsins og markakóngur ár eftir ár, en nú leikur hann [illegible] stórskyttanna Einars [illegible] og Sigurðar

Einar, sem hefur mjög næmt auga fyrir leikfléttum, er lykilmaður í Selfossliðinu þó að hann hafi oft viljað falla í skugga Einars Gunnars og Sigurðar. Það vakti mikla athygli í úrslitabaráttunni gegn FH að hann var jafnvíg[illegible] báðar hendur og skoraði [illegible] velli bæði með [illegible]

menn leggja mikið á sig og þegar skipt er í tvö lið á æfingum er tekið hraustlega á. Það þolir enginn að tapa og er þjálfarinn Einar Þorvarðarson þar fremstur í flokki. Eftir [illegible]

*Úrklippa úr Morgunblaðinu 22. nóv. 1992.*

Kónginum frá Selfossi gekk mjög vel að ná tökum á norsku kvennadeildinni og liðinu Bryne. Einar lagði strax mikla áherslu á að fá konu sem aðstoðarþjálfara. Hún varð þeirra trúnaðarmaður varðandi kvenlegu hlið þjálfunarinnar og því gat Einar einbeitt sér að því að vera handboltaþjálfari.

## Ómetanleg lífsreynsla að fara út

Einar tók fjölskyldu sína með út en eiginkona hans er Þuríður Ingvarsdóttir og fór með þeim út þeirra fyrsta barn Thelma Björk sem nú er þriggja ára. Í Noregi eignuðust svo Einar og Þuríður soninn Teit Örn sem nú er eins árs. „Við lögðum þetta upp fyrir okkur áður en ég fór að þjálfa í Noregi og við ákváðum að okkur langaði að prófa þetta og sjáum við alls ekki eftir því. Það er frábært að fá svona tækifæri til að búa í öðru landi. Ég tel að það sé ráðlegt að maður sé orðinn nokkuð þroskaður áður en maður fer út að spila eða þjálfa, en hver og einn hefur mjög gott af því. Til dæmis í Noregi er séð fyrir öllu, húsi, bíl, flugferðum og jafnvel vinnu ef þess þarf með. Í dag eru gífurlegir tekjumöguleikar fyrir unga leikmenn að komast til Þýskalands, en til þess að geta farið út þurfa menn að leggja mjög hart að sér. Ég myndi hiklaust ráðleggja þeim sem þess eiga kost að fara út, þetta er ómetanleg lífsreynsla og víkkar sjóndeildarhringinn til muna.”

Einar segir að Íslendingar hafi tapað á einu bretti til erlendra liða mörgum góðum leikmönnum úr íslenskum handbolta. Hann bendir hins vegar á að mjög sterkir árgangar séu að koma upp um þessar mundir og er 1. og 2. deildin orðin mun sterkari en undanfarin ár. „Lið eru að fá leikmenn frá A-Evrópu, þeir eru oft á tíðum bara að fá vinnu á Íslandi, jafnvel smá greiðslu frá liðunum. Þessir leikmenn eru oft á tíðum ekkert dýrari en íslensku leikmennirnir. Selfoss á t.d. Robertas Pauzolis ennþá, liðið leigði hann til Fram í 1 ár og það er síðan spurning hvað við gerum eftir það, hann er samt sem áður enn eign Selfyssinga.“

## Heilmikið átak að koma liðinu aftur í fremstu röð

Þegar það kom upp á pallborðið að Einar myndi taka við þjálfun Selfyssinga í vor, segist hann ekki hafa getið skorast undan því þegar bæði stjórnin og leikmennirnir leituðu til hans um að taka við þjálfun liðsins. Einnig voru Íslandsmeistarar Stjörnunnar í kvennaflokki að bera víurnar í Einar. „Ég er einfaldlega það mikill Selfyssingur í mér og ég hef það mikinn metnað fyrir hönd liðsins að ég vil leggja mitt af mörkum til að koma liðinu aftur í fremstu röð.“

Einar segist hafa vitað að hverju hann gekk þegar hann sneri aftur til Selfoss, en hann þjálfaði flesta strákana sem nú eru í meistaraflokki Selfyssinga þegar þeir voru í yngri flokkunum. Hann bendir jafnframt á að það sé heilmikið átak að koma liði aftur í fremstu röð, og hafist í raun ekki nema fyrst og fremst með eljusemi og þolinmæði. Hann segir að um þessar mundir séu Selfyssingar að vinna að því markmiði mjög markvisst, en liðið er búið að fjölga æfingum. Æfir liðið nú sex sinnum á viku í ellefu mánuði á ári. Þá eru leikmennirnir búnir að lyfta mjög mikið og styrkja sig líkamlega, Einar segir að í raun hafi verið byrjað á þessu strax í sumarbyrjun, en liðið nú er búið að æfa meira en silfurlið Selfoss gerði á árum áður.

Einar segir að nýjum þjálfurum fylgi alltaf breytingar og leggur hann mikla áherslu á hraðan handbolta og frjálsan sóknarleik. Spilamennskan verður ekki njörvuð niður í kerfi og eiga þeir sem mæta á leiki liðsins eftir að sjá meiri framliggjandi vörn, t.d. 3-2-1. Þess má geta að þessi gerð af handbolta á að vera mun hraðari og skemmtilegri fyrir áhorfendur. Í þjálfuninni eru helstu breytingarnar þær að ásamt því að spila lyftir liðið lóðum allt árið.

upp af heimamönnum. „Selfyssingar eiga marga efnilega stráka og eigum við t.d. fjóra stráka í meistaraflokki sem hafa leikið með unglingalandsliðinu. Við eigum gríðarlega efnilega stráka í 1984 árganginum, en það eru náttúrulega nokkur ár í það að þeir fari að spila á fullu með meistaraflokki.“

Einar segir að Selfyssingar hafi t.d. náðu mjög góðum árangri í yngri flokkunum fyrir nokkrum árum, t.d. náði 6. flokkur ásamt 3. flokki 3. sæti á Íslandsmótinu og 5. flokkur hafnaði í 5. sæti. Það er frábær árangur segir Einar, en hann bendir jafnframt á að unglingastarfið hafi farið örlítið niður á við síðustu tvö ár. Hann bendir á að þessu starfi sé mjög mikilvægt að ná upp aftur og það sé í raun forsenda þess að geta rekið öflug lið, bæði í karla- og kvennaflokki.

## Markmiðið að fara upp á tveimur árum

Einar segir markmiðið að komast upp á 2 árum, vegna þess að liðið sé að byrja upp á nýtt og að strákarnir þurfi að fá að gera sín mistök og byggja á góðum grunni.

Gæðin á handboltanum í 2. deildinni eru mun meiri en hefur verið í mörg ár og það eru margir jafnir leikir sem Selfyssingar eiga eftir að spila í vetur að sögn Einars. „Þeir eru margir sem langar upp en ég tel það óraunhæft í ár. Það eru lið í deildinni eins og Grótta/KR, Þór Akureyri og Breiðablik sem ætla að fara upp, hafa fjárfest flest í tveimur útlendingum og ætla sér í raun upp hvað sem það kostar. Á pappírnum erum við með lakari lið en þessi lið, en við ætlum ekki að fara að tapa leikjum viljandi og ef við komust í þá aðstöðu að komast upp, þá verður það bara að hafa sinn gang.“

Einar hugsar fyrst og fremst um þetta ár til þess að leggja grunninn að öflugu handboltaliði og þá er hann að tala um utanvallar sem innan. Hann sér fyrir sér að Selfyssingar þurfa að byggja upp ákveðinn grunn af leikmönnum frá Selfossi og nágrenni og síðan verði það að fá leikmenn utan af svæðinu, en hann segir með áherslu að grunnurinn verði að koma héðan.

Að sögn Einars geta Selfyssingar hæglega byggt upp sterkt lið þar sem grunnurinn er byggður



**Leikmenn verða að bera taugar til síns liðs**



*Einar að störfum.*

Mörg lið hafa það að stefnu að kaupa marga leikmenn og ná kannski með því skjótum en stuttum árangri. Einar segir þetta fyrirkomulag ganga í stuttan tíma en hann segir að hvert lið þurfi að hafa leikmenn sem beri taugar til þess og vilji virkilega standa sig fyrir hönd síns félags. Öðruvísi segir Einar það ekki ganga til lengdar og öðruvísi er ekki hægt að hafa gaman af því sem maður er að gera.

„Hins vegar er þróunin orðin sú að félagaskipti eru orðin mun tíðari en þau voru og í dag þykir ekki tiltökumál að hafa útlendinga og leikmenn úr öllum áttum, en það er frumskilyrði að hafa metnað fyrir hönd síns félags og þann metnað er auðveldast að byggja upp hjá heimamönnum. Hins vegar eru til dæmi um menn sem koma til liðs utan að og við getum tekið Petr Baumruk hjá Haukum t.d. Hann er tékkneskur og er orðinn svo mikill Haukamaður, að hann vill ekki spila með neinu öðru liði. Ef hægt er að byggja upp svona stemmningu hjá öllum í liðinu eru allir vegir færir.“

**Íþróttirnar öflugt forvarnarstarf**

Einar hefur verið að velta ýmsum hugmyndum fyrir sér um hvernig Selfyssingar geti byggt upp sterka heild, innan vallar sem utan með þátttöku fyrirtækja, áhorfenda, fjölmiðla og leikmanna. „Íþróttirnar eru eitt öflugasta forvarnarstarfið sem völ er á, en íþróttafélögin hafa kannski ekki bolmagn sem skyldi til að sinna því. En þar liggja möguleikar fyrir sveitarfélögin ásamt íþróttafélögunum um jákvæða samvinnu og jafnframt tækifæri til að láta gott af sér leiða.“

„Ég finn fyrir því að það eru mjög margir hérna sem vilja eiga lið í efstu deild og mig sjálfan langar til þess að sjá lið í efstu deild frá Selfossi, bæði í handbolta og fótbolta. Til þess þarf enn markvissari vinnubrögð en verið hefur og að Selfoss komist á kortið sem íþróttabær. Það er verið að vinna ágætis starf á ýmsum stöðum, en það vantar herslumuninn upp á til að við getum látið drauminn rætast.“

Einar segir litla hefð vera fyrir kvenhópíþróttum innan bæjarfélagsins Árborgar og hefur hann af því miklar áhyggjur. Hann bendir á að það þurfi að vinna miklu markvissara að því að halda stelpunum lengur í íþróttunum. Brottfallið segir hann vera alltof hátt, en því sé hægt að breyta. „Það er hæglega hægt að breyta þessu með hæfum leiðbeinendum sem geta laðað stelpurnar markvisst að íþróttunum og haldið vel utan um starfið, en það þarf að halda sérstaklega vel utan um það hjá stelpunum. Það þekki ég bara af eigin raun. Draumur minn er að innan fárra ára munum við sjá fram á öflugt íþróttalíf í bænum, sama hvað það er og heitir. Við eigum ekki alltaf að vera að hanga í þessum neðri deildum og vera í miðlungsgutli, við erum bara með betra íþróttafólk en svo og einnig það stórt bæjarfélag sem getur hæglega átt tvö til þrjú lið í efstu deild.“

**Gott að vera í Þorlákshöfn**

Ásamt því að þjálfa er Einar kennari við Grunnskólann í Þorlákshöfn. Þar er hann við almenna kennslu og líkar mjög vel. „Þó að ég sé mikill Selfyssingur í mér, finnst mér mjög gott að vera í Þorlákshöfn. Ég hef kynnst þar mörgu fólki og á þar marga mjög góða vini. Mér finnst kennarastarfið mjög gefandi og skemmtilegt, þar er maður að gera eitthvað sem mér finnst skipta máli og er það ekki aðalatriðið í lífinu, að gera eitthvað sem manni finnst skipta máli.

**Viðtal:**
**Helgi Valberg/Sunnlenska fréttablaðinu.**





*Óskum öllum viðskiptavinum gleðilegrar jólahátíðar!*



AUSTURLEIÐ SBS
Eyravegi 33 - Selfossi
Sími 482 3400 - Fax 482 2908

HITAVEITURÖR
*Plaströr og slöngur*
SET hf.
Selfossi - Sími 482 2700 - Fax 482 2099

ÖKUSKÓLI SUÐURLANDS
Eyravegi 55 - Selfossi
Sími 482 4160

PYLSUVAGNINN SELFOSSI
*Frábært pakkatilboð fram að jólum!*
**Góður matur - Gott verð**
*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla.*
PYLSUVAGNINN

KPMG Endurskoðun hf.
Sími 482 1822 - Fax 482 2582
Austurvegur 4, Selfossi

SELFOSS
þið negluð mörkin, við neglum naglana!
*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.*
*Sjáumst í íþróttahúsinu á nýja árinu!*
SELÓS EHF
BYGGINGAFYRIRTÆKI
Eyravegi 51, Selfossi - Sími 482 1840 - Fax 482 2934

Myndirnar á þessari opnu
eru teknar af Helga Valberg.



2. flokkur
Þjálfari: Ólafur Einarsson



3. flokkur
Þjálfari: Gísli Felix Bjarnason



4. flokkur
Þjálfari: Haraldur Geir Eðvaldsson



5. flokkur
Þjálfari: Gísli Felix Bjarnason





5. og 6. flokkur kvenna
Þjálfari: Ágúst Ketilsson og
Maríanna Pálsdóttir



6. flokkur
Þjálfari: Jóhann Ingi
Guðmundsson
aðst. Sigurjón Hafsteinsson



7. flokkur
Þjálfari: Jóhann Ingi
Guðmundsson
aðst. Sigurjón Hafsteinsson



Meistaraflokkur
Þjálfari: Einar Guðmundsson
Liðsstjórar:
Sigurður Ástráðsson,
Sigmar Ólafsson.

# STYRKTARLÍNUR

**Kærar þakkir til þeirra sem hafa styrkt okkur með auglýsingum í þessu jólablaði. Handboltaunnendur taka eftir hverjir styrkja starfið.**

Bílamálun Agnars, Gagnheiði 38
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 3-5, sími 482 1611
Lárus Gestsson, húsasmíðameistari, Kirkjuvegi 16, símar 482 2322 og 896 6624
Lögmenn Suðurlandi, Austurvegi 3, símar 482 2988 og 482 2849
Myndbandahornið, Eyravegi 17, sími 482 3299
Rakarastofa Björns og Kjartans, Miðgarði, Austurvegi 4, sími 482 2244
Sirrý og Gunnar Jónsson, bifreiðastjóri, Stekkholti 2, símar 482 1687, 852 5273 og 854 5273
Síminn verslun, Austurvegi 26, sími 480 1100
Sjafnarblóm, Austurvegi 21, sími 482 3211
Sorphirða Selfoss, Dælengi 8, sími 482 2071
Vöruflutningar Magnúsar Öfjörð, Heimahaga 3, sími 482 1562 / 893 1462
Tannlæknastofa Geirs Atla Zoëga, Austurvegi 44, sími 482 2030
Tannlæknastofa Halls Halldórssonar, Austurvegi 10, sími 482 3333
Tannlækningastofa Þorsteins og Helga, Austurvegi 9, sími 482 1338


**VEIÐIBÆR / HJÓLABÆR**
Austurvegi 11 - Sími 482 1289

BAKKI EHF
BÓKHALD - ENDURSKOÐUN
UPPGJÖR - FJÁRMÁLARÁÐGJÖF
**482 1265**
Hlöðver Örn Rafnsson
viðsk.fr. og lögg. fasteignasali

**HJÓLBARÐAVIÐGERÐIR**
**HJÓLBARÐASALA**
**OPIÐ:**
Mánudaga - föstudaga kl. 08.00-18.00
laugardaga kl. 10.00-13.00
**SÓLNING**
Austurvegi 58 - Selfossi - Sími 482 2722
Heimasímar 482 2371 - 482 2289 - 482 2346

FISKBÚÐ SUÐURLANDS
EYRAVEGI 59 - ☎ 482 2509
*Daglega nýr fiskur.*
*Erum komnir með Þorláksmessuskötuna.*
*Sendum Sunnlendingum bestu jóla- og nýársóskir. Þökkum viðskiptin á árinu.*








**SPORTBÆR**
Austurvegi 13-15, Selfossi
Sími 482 1600
Jólagjöf íþróttamannsins færðu í Sportbæ.
*Gleðileg jól! Gott og farsælt nýtt ár.*
NIKE
NBA

**Öðruvísi jólagjafir**
*Allt fyrir heilsuna!*
ÁRNES APÓTEK
*Heilsuvörudeild*

*Óskum Sunnlendingum gleðilegra jóla*
og þökkum viðskiptin á líðandi ári.
Kostakaup
Opnunartímar:
mán - fös: 12-18 • lau: 10-13 • sun: lokað

# BÍLFOSS

Bifreiðaþjónusta

Óskum Sunnlendingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með þökk fyrir viðskiptin.

Starfsfólk Bílfoss


